

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 13. mars 2014, kl. 11:00, á Ströndinni í Vík

Ásbjörn Jónsson stjórnarformaður Markaðsstofu Suðurlands býður fundargesti velkomna. Hann leggur til að Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, forstöðumaður Kötluseturs, verði fundarstjóri og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir riti fundinn. Það er samþykkt af fundargestum. Ásbjörn þakkar Davíð velunnin störf á undanförunum árum.

Kynning á ársreikningi Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2012

Davíð Samúelsson, framkvæmdastjóri, kynnir ársreikninga og ítrekar að Markaðsstofan er ekki rekin með hagnaðarmarkmiði heldur á að vera í kringum núllið á ári hverju. Þær tekjur sem Markaðsstofan hefur til ráðstöfunar eiga að nýtast í markaðs- og kynningarstarf fyrir fjórðunginn. Neikvæð staða um áramót var 249.147 kr.

Nokkrar spurningar koma frá fundargestum sem Davíð svarar.

Ársreikningur samþykktur.

Stjórnarkjör

Aðalstjórn:

Þrír núverandi stjórnarmenn eru að láta af störfum: Ásbjörn Jónsson stjórnarformaður, Þórir Erlingsson og Anna Björg Stefánsdóttir.

Nýir inn í stjórn koma: Elfa Dögg Þórðardóttir og Margrét Runólfsdóttir fyrir Ferðamálasamtök Suðurlands og Ása Valdís Árnadóttir fyrir Markaðsstofu Suðurlands ehf.

Áfram í stjórn: Þorvarður Hjaltason og Gunnar Þorgeirsson fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Sigrún Kapítola Guðrúnardóttir fyrir Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu

Varastjórn:

SASS atvinnuþróun: Finnbogi Alfreðsson og Sigríður Lára Ásbergisdóttir

Ferðamálasamtök Suðurlands: Ásbjörn Jónsson og Sigurdís Guðjónsdóttir

Markaðsstofa Suðurlands ehf.: Eyrún Jónasdóttir

Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu: Einar Björn Einarsson

Eiríkur óskar eftir mótmælum og þau eru engin svo tillaga að stjórn og varastjórn er samþykkt.

Davíð Samúelsson framkvæmdastjóri MSS samantekt á verkefnum árið 2013

Davíð gerir grein fyrir helstu verkefnum ársins 2013 en þau eru mörg og fjölbreytt. Allt kynningarefni landshlutans þarf á hverjum tíma að gefa sem réttasta mynd af því sem í boði er í fjórðungnum. Í því skyni leitumst við við að uppfæra reglulega helstu miðlana okkar. Árlega er gefinn út landshlutabæklingur og reglulega þarf að uppfæra heimasíðuna www.south.is. Sumarið 2013 var gefið út kort með ferðaleiðum á Suðurlandi og upplýsingum um helstu áfangastaði og þjónustu. Á haustdögum var farið að vinna að endurútgáfu borðkorts. Davíð hefur séð um að dreifa efni frá Markaðsstofunni á bókunar- og upplýsingamiðstöðvar í borginni og í Keflavík og verið í samstarfi við Upplýsingamiðstöð Suðurlands með dreifingu um fjórðunginn.

Á vordögum bauð Markaðsstofan upp á kynnisferðir fyrir ferðaskrifstofur og upplýsingamiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu um Suðurland til að kynna það sem fjórðungurinn hefur uppá að bjóða. Farið var á nokkrar sýningar á árinu, t.d. Mid-Atlantic og VestNorden á Grænlandi, og verið var með Suðurlandskynningu á Menningarnótt. Í tengslum við Mid-Atlantic og VestNorden skipulögðum við postferðir um fjórðunginn.

Mikil eftirspurn er eftir hvers kyns samvinnu við Markaðsstofuna um skipulagninu og vinnu við kynnisferðir um Suðurland, enda hefur enginn betri yfirsýn yfir svæðið og þá þjónustu sem þar er í boði. Með kynnisferðum ferðasala og blaðamanna gefst ferðapjónum líka ódýrt og skilvirkt tækifæri

til að koma sér á framfæri og markaðssetja sig án þess að þurfa að kosta miklu til. FAM-ferðir komu m.a. frá Bretlandi, Rússlandi, Finnlandi og Svíþjóð. Í tengslum við FAM ferðir gefst aðilum Markaðsstofunnar færi á að koma á workshop til að koma sínu fyrirtæki á framfæri við ferðakaupendurna. Í haust tók Markaðsstofan þátt í vinnustofu (workshop) í Skandinavíu (Noregur, Svíþjóð, Danmörk) með Íslandsstofu. Davíð telur að þetta fyrirkomulag sé árangursríkt og sem af er 2014 þá hefur hann tekið þátt í fleiri slíkum vinnustofum.

Í tengslum við Sóknaráætlun 2020 fékk Markaðsstofan styrk í verkefni sem kallast „Suðurland allt árið“ og var verkefnastjóri, Guðmundur Fannar Vigfússon, ráðinn tímabundið til þess verkefnis. Hann vann mjög gott starf við endurnýjun á heimasíðunni www.winterwonderland.is og sá um að skrifa greinar til að setja á vefinn. Einnig var farið í aukna markaðssetningu á síðunni og Suðurlandi í gegnum netið með hjálp samfélagsmiðla. Sú markaðssetning bar árangur með auknum heimsóknnum á síðuna og fleiri fylgjendum „South Iceland“ á facebook. Fannar hélt einnig utan um vinnufundi og gerð ferðapakka með ferðapjónustuaðilum á Suðurlandi. Markmiðið með þeirri vinnu var að búa til ferðahugmyndir um Suðurland sem hægt væri að dreifa á sýningum til innlendra og erlendra ferðaskipuleggjenda og –skrifstofa. Pakkafundirnir voru unnir í samvinnu við Háskólafélag Suðurlands, Matís og ferðamálafulltrúa á Suðurlandi. Einnig var svo skipulagður leikur á samfélagsmiðlinum Instagram.

Allar Markaðstofur landshlutanna fóru í það sameiginlega verkefni að láta greina landshlutasíðurnar og greindi ráðgjafafyrirtækið Kapall www.south.is og hannar fyrirtækið Stefna nýtt útlit og uppfærslu á síðunum.

Markaðsstofan kom að undirbúningi málþings um ferðapjónustu sem haldið var í tengslum við ársþing SASS. Uppskeruhátíðin var haldin í nóvember á Hótel Örk og var góð mæting.

Davíð endaði samantekt sína á að þakka öllum sem hann hefur unnið með á síðustu árum við kynningu á Suðurlandi. Hann sagðist hafa haft mikla ánægju af því þessu starfi og það hafi gefið honum margt. Hann þakkaði einnig fyrir það tækifæri sem honum var veitt að fá að koma á framfæri öllum þeim fjölmörgu flottu fyrirtækjum og svæðum á Suðurlandi.

Önnur mál

Fyrirspurn um að endurtaka nöfn nýrra stjórnarmanna, Ásbjörn fer yfir það aftur.

Nokkrir fundargestir koma í pontu og þakka Davíð fyrir gott samstarf og velfarnaðar í nýju starfi.

Fundargerð ritar: Ragnhildur Sveinbjarnardóttir 21.03.2013.